

Sveitarfélagið Árborg

Selfossi 3. Nóv 2021

Varðar aðilaskipti af samningi um hluta Árbakkalands á Selfossi

Með samningi milli Austurbæjar fasteignafélags ehf. kt: 481216-0520, Auðhumlu svf. kt. 460269-0599 og Sveitarfélagsins Árborgar, kt. 650598-2029, (samþykktum í bæjarstjórn 27. maí 2020) gerðu aðilar með sér samkomulag um uppbyggingu svokallaðs Árbakkalands á Selfossi.

Auðhumla svf. hefur, til aðgreiningar frá reglubundinni starfsemi félagsins, fært sínar landsspildur sem tilheyra þessum samningi og þann rekstur sem þessari uppbyggingu fylgir, til dótturfélags síns, Mjólkurbús Flóamanna ehf. kt. 500505-2140, í 100% eigu Auðhumlu svf.

Erindi þessa bréfs er að óska eftir nafnabreytingu á nefndum samningi, þannig að Mjólkurbú Flóamanna ehf. kt. 500505-2140, taki yfir öll réttindi og skyldur Auðhumlu svf. 460269-0599, í nefndum samningi.

Fh. Mjólkurbús Flóamanna ehf. og Auðhumlu svf.



Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri